

Pegasus ehf
Sóltún 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. september 2022
UST202208-176/Þ.V.B.
09.08.02

Efni: leyfi til kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi og akstur utan vega í Reykjanesfólkvangi og við Draghálsi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pegasus, 18. ágúst 2022 um leyfi til kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi og aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku á Draghálsi.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Í Reykjanesfólkvangi er óskað eftir leyfi til að keyra tvo bíla tvisvar sinnum allt upp að 20 metra leið frá vegi ofan í Djúpavatn vegna kvikmyndatöku. Annar bíllinn fer ofan í vatnið en dráttarbíl mun halda við bíllinn upp á öryggi að bíllinn fari ekki of langt út í vatnið. Búið verður að hreinsa bíllinn af eldsneyti, olíu og öðrum spilliefnum áður en hann fer út í vatnið. Kort sem sýnir hvaða leiðir verða keyrðar í hvort skipti fylgdi með umsókn. Tökur færu fram 18. og 21. október 2022. Á Dragháls munu tveir bílar verða keyrðir um 250 metra leið, vegna kvikmyndatöku, frá Dragavegi og mun annar bíllinn fara út í Draghálsi en hinn fer styttra. Vatn mun ná upp í mið dekk á bílnum sem fer út í ána. Kort sem sýnir þá leið sem til stendur að keyra fylgdi með umsókn. Tökur færu fram 30. september 2022. Á báðum stöðum koma 25-30 manns að tókunum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru svæðana sem um ræðir. Stofnunin telur að hægt sé að takmarka neikvæð áhrif verkefnisins sé farið eftir skilyrðum leyfis og gætt ítrustu varúðar þegar kemur að mengunarvörnum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Pegasus ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Dragháls 30. september 2022 og kvikmyndatöku og akstri utan vega við Djúpavatn innan Reykjanesfólkvangs 18. og 21. október 2022 sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst á hvorum stað fyrir sig og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Einungis skal aka bílunum sem verið er að mynda eftir þeim leiðum sem sýndar eru á kortum sem fylgdu umsókn. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn. Fara skal fram lekaskoðun af viðurkenndum skoðunaraðila á þeim farartækjum sem keyra utan vega í vatni við Djúpavatn og Dragháls.
- Umsækjandi skal skila inn áætlun til Umhverfisstofnunar hvernig staðið verður að mengunarvörnum og hreinsun vatns/jarðvegs ef mengunarslys verða á svæðunum.
- Á tökustöðunum skal vera til taks búnaður til að hreinsa upp olíu og önnur spilliefni sem gætu leynst í bílnum sem til stendur að fari út í Djúpavatn og ef mengunaróhapp verður við Dragháls.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Allur akstur utan vega annara en þeirra bifreiða sem óskað er eftir að fái að keyra utan vega er bannaður.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis og utan vega.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu fyrir verkefninu.

Leyfi veiðifélags Djúpavatns þarf fyrir akstri utan vega í vatninu.

Leyfi fiskistofu þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur